

22. GRIMD.

Hræðileg meðferð á
fuglum og fiskum.

VÍSIR, 28.sept.1936.

Nes
28. Sept. 1936

Grimd.

Nýlega bar svo við, þá er erlent skip eitt lá hér við hafnargarðana, að lausum snærispotta, á að giska einum meter að lengd, var fleygt út í sjó frá skipinu, með egndum öngli á hvorum enda snærisins, kom þá fjöldi soltinna fugla þar að og sóttu með mikilli græðgi að „fæðu“ þeirri er á önglunum var. Tveir hungraðir máfar urðu hlutskarpastir og náðu þeir í sitt agnið hvor, magagleyptu það eða festu í koki sér eða hálsi; toguðust þeir síðan á um snærið, uns þeir eftir eyktarlanga harðvítuga viðureign bárust út fyrir hafnargarðana, án þess að þeir gæti losað sig hvor frá öðrum eða fengi bundið endi á kvalir þær, er þeir þannig urðu að þola undan hinni þrælslegu meðferð manna þeirra, er að grimdarverki þessu stóðu frá skipinu. Dauðdagi þessara vesalings dýra hefir því verið hinn ömurlegasti og dauðastriðið bæði hart og langt.

Fám dögum síðar en þetta varð, var unglingsmaður einn hér í bænum staðinn að álíka iðju; var hún að því leyti frábrugðin hinni áðurnefndu, að í stað egndra öngla voru tvær síldir festar við hvorn enda nærisins og urðu því fuglar þeir, er í þær náðu, að toga þær hvor úr annars gini, og má nærri geta, hvort það hefir verið sársaukalaust. —

Fisksalarnir, Jón & Steingrímur, hafa sýnt mér nokkra smáfiska (ýsur og þyrsklinga), sem menn hafa veitt lifandi, en slept í sjóinn aftur og skilið þannig við:

Tvíbrugðnu teygjubandi er smeygt upp á höfuð fiskjarins, svo langt, að það komist um kverkar hans eða e. t. v. stundum aftur fyrir eyruggana. Þegar svo fiskar þessir endurveiðast, að nokkrum vikum eða mánuðum liðnum, er teygjubandið búið að sverfa svo fast að kverkum þeirra og innyflum, að það er komið inn úr roðinu, með graftarigerð á alla vegu og fiskarnir orðnir grindhoraðir. Þá sýndu þeir Jón & Steingrímur mér smáskarkola einn í dag, er þeir höfðu fengið í morgun; var frá honum gengið á líkan hátt, og eigi mannúðlegri: Teygjubandi hafði verið brugðið á ská yfir miðju fiskjarins, öðru megin um kvið hans, en hinumegin inn undir bakuggann nokkru aftar; var bandið nú komið inn að hryggnum og kviðurinn svo samangenginn undan bandinu, að svo leit út sem kviðurinn hefði verið skorið af fiskinum, enda var bandið komið inn úr roðinu og graftarigerð utan með því á alla vegu og undan því. Sennilegt er, að bandið hafi verið þannig yfir um fiskinn árlangt eða lengur og er furðulegt að hann skuli hafa lifað svo lengi við þau harmkvæli, er hann hefir hlotið að liða undan þessari meðferð, því vanlíðan hlýtur það að valda, að geta hvorki kingt fæðunni né melt hana, nema með harmkvælum.

Sannleiksgildi frásagna þessara má m. a. staðfesta með umsögn fjölda sjónarvotta; auk þess sem réttarrannsókn lögreglunnar í Rvík út af þessum málum kann að hafa leitt í ljós má til frekari sönnunar benda á það, að fiskur sá er síðasta frásögnin ræðir um, verður hafður til sýnis fyrst um sinn hjá fisksölunum Jón & Steingrímur — og mynd sem Loftur hefir tekið af fiskinum, verður

sýnd í sýningarglugga dagblaðsins Vísis.

Sennilega veitist mönnum erfitt með að gera sér grein fyrir því hvaða hugsanir kunni að liggja á bak við þessar og þvílíkar ómensku-aðferðir við saklaus og varnarlítil dýr — ef þar er annars um nokkrar hugsanir að ræða — en óneitanlega lýsa þær svo mikilli grimd og grey-skammarlund, að mann hryllir við að hugsa sér ástandið svona ömurlegt á 20. öldinni, þrátt fyrir alla mentunina og menninguna, sem margir guma svo mjög af. Eða er hún þá ekki göfugri en þetta?

Línur þessar rita eg til viðvörunar öllum þeim, eldri mönnum og yngri, sem nokkra tilfinningu hafa fyrir velferð dýranna, hvernar tegundar sem eru, um það, að láta sig eigi henda þvílíka vanvirðu eða víti þau, er frásagnirnar lýsa, né heldur liða öðrum mönnum að mannskemma sig á þesskonar athæfi, enda er hegning við því lögð að lögum ef sannað verður á sökudólga.

Vonandi er, að hér eigi erlendir menn frekar sök á en innlendir; eigi að síður er það skýlaus skylda allra manna að vara aðra við þvílíkri ósvinnu og ruddaskap gagnvart saklausum dýrum.

Reykjavík, 25. sept. 1936.

Jón Pálsson.